



Reykjavíkurborg

Orðasafn Ævintýranna

Styrmir Reynisson

Efnisyfirlit

1. <i>Inngangur</i>	2
2. <i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	3
3. <i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	4
4. <i>Mat á verkefninu</i>	4
5. <i>Greinargerð um notkun styrkjár</i>	5
6. <i>Kynning</i>	5

1. Inngangur

Aðdragandi verkefnisins var ansi tilviljanakenndur. Daði Guðbjörnsson listmálari sótti um starf í Skýjaborgum til að sinna meðfram störfum sínum sem myndlistamaður. Það kom svo á daginn að hann gat ekki skuldbundið sig á fasta vinnutíma jafn mikið og Skýjaborgir þurftu á að halda. Við ræddum það þó í viðtalinu að mögulega sækja um styrk til að Daði og börnin í Skýjaborgum ynnu saman þróunarverkefni sem Daði hafði undirbúið og hannað áður. Daði hefur unnið verkefni með börnum áður, til dæmis með leikskólum og það hefur gengið mjög vel. Daði sótti svo um styrk með aðstoð og samvinnu Skýjaborga.

Daði hafði þá hugmynd að sameina í verkefninu vinnu með læsi, fjölmenningu og myndlist. Markmið verkefnisins var að börnin myndu búa til orðabók og orðskýringar á sinn hátt og út frá sínum veruleika, að búa til samheitaorðasafn á tveimur eða fleiri tungumálum. „Börnin byrja á því að finna orð á íslensku, sem þeim finnst nauðsynlegt að hafa í orðasafninu, síðan eru fundin sambærileg orð í tungumálum barnanna, sem hafa annað móðurmál en íslensku. Síðan eru gerðar myndir sem útskýra orðin, ýmist er hægt að teikna og mála myndirnar á pappír, taka ljósmyndir eða taka upp stutt myndskaið. Orðasafnið verður hýst á netinu og þannig aðgengilegt og öllum sem vilja til gagns og gamans.“

„Það er mikið talað um að sköpunarsamfélagið sé framtíðin og vissulega bendir allt til þess að við stefnum þangað. Frístundastarf í Reykjavík hefur undanfarin ár verið mjög fjölbreytt, metnaðarfullt og markvisst. Skólar og námsskrá þróast í átt að einstaklingsmiðuðu námi. Samfélagsvitund og samvinna, eru ekki síst eftirsóknarverð markmið fyrir framtíðina og teljum við að vinnan með tungumálið og merkingu orðanna ásamt samvinnunni við söfnun, skráningu og myndlýsingu sé sérstaklega þroskandi fyrir hópinn.“

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Daði hafði aðstöðu á Skýjaborgum og var þar með vinnustofu með börnunum.

Daði kom innkaupalista til Styrmis forstöðumanns Skýjaborga sem sá um efniskaup.

Börnin gátu valið að taka þátt í verkefninu eitt skipti í senn. Verkefnið var mjög vinsælt hjá krökkunum og aðstæður til að vinna að því mjög góðar. Skýjaborgum var svo breytt í listasýningu í lok verkefnisins sem hluta af barnameningahátíð sem vakti mikla lukku.

2.2 Með verkefninu sá Daði fyrir sér að þróa nýtt verkfæri og efla læsi, einnig að það gæti verið góð brú á milli leikskóla og grunnskóla. Verkefnið vann með börn sem voru að læra að lesa og Daði vildi færa leiðbeinendum og kennurum annað tól í þeirri vinnu. Með því að auka við læsi kynnti verkefnið fyrir börnunum orðin sem þau völdu á öðrum tungumálum. Þau fengu einnig mikla æfingu í því að tjá tilfinningu sína fyrir orðinu með myndlist.

2.3 Daði hafði unnið hugmyndavinnu að baki verkefninu að einhverju leiti áður en sótt var um styrkinn. Lokahönd var lögð á undirbúninginn á haustmánuðum og fram að áramótum. Eftir áramót hófust vikulegar heimsóknir Daða í vinnustofuna með krökkunum. Daði sá um að kynna þau fyrir ýmsum efnivið og tjá orðin á sinn hátt. Styrmir sá um þann þátt sem snéri að efniskaupum, skipulagi varðandi börnin og að rýmið væri tilbúið fyrir hvert sinn. Daði vann með börnunum alla miðvikudaga í janúar fram í apríl þegar sýningin var sett upp.

Framkvæmd verkefnisins var þrjúliða. Fyrst kynntum við fyrir börnunum í samverustundum að myndlistamaður ætlaði að vera með verkefni í listasmiðjunni. Það voru mörg börn sem höfðu áhuga á því að vinna með honum og með þann efnivið sem þar var. Annar þáttur verkefnisins var vinnan. Börnin völdu sig inn í verkefnið og tóku þátt í því um nokkurra mánaða skeið. Þau unnu með orðin og að listasýningunni. Síðasti þátturinn var uppsetning listasýningarinnar fyrir Barnameningahátíð. Börnin áttu virkan þátt í því að auglýsa hana og kynna fyrir foreldrum sínum og skólafélögum. Starfsfólk Skýjaborga og Daði settu sjálfa sýninguna upp. Verkefnið gekk mjög vel og það er hægt að sjá afraksturinn á <https://ordinokkar.wordpress.com/>

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Starfsfólk Skýjaborga og foreldrar barna í Skýjaborgum voru mjög ánægð með verkefnið og afrakstur þess. Daði var ánægður með það hvernig til tókst og vonast til þess að geta flutt verkefnið á fleiri staði og á endanum klárað orðabók barnanna með samvinnu margra staða. Daði er einn af reyndari myndlistamönnum Íslands og hefur mikla reynslu af því að vinna myndlist með börnum. Verkefnið eins og það er í dag er tilbúinn pakki sem hægt er að taka upp hvar sem er, svo lengi sem haft er samband við Daða og stofnað til samstarfs með honum. Það ætti að geta nýst vel þar sem forstöðumenn eða skólastjórar vilja auka listsköpun, læsi og tjáningu barna. Listasýning og tilstand í sambandi við hana er góð æfing fyrir börnin sem voru mjög stolt af sinni vinnu. Verkefnið var í alla staði vel heppnað og vinsælt.

4. *Mat á verkefninu*

Markmiðunum var að einhverju leiti náð. Það var því miður minna um það að börn af erlendum uppruna færu í tímana til Daða en við höfðum vonað. Það var eitt af markmiðum verkefnisins að efla þau og að þau myndu miðla tilfinningu sinni fyrir orðunum sem urðu fyrir valinu og hvað þau þýða á þeirra móturmáli. Það voru þá frekar fá börn með annað móturmál en Íslensku í Skýjaborgum og þau prófuðu flest og sum mættu oftast en einu sinni.

Að öðru leiti myndi ég telja að markmiðum verkefnisins hafi verið náð. Orðasafnið er aðgengilegt á <https://ordinokkar.wordpress.com/> sem Daði heldur úti og þar er hægt að sjá orðin og listina sem sköpuð var í kringum þau. Börnin veltu orðunum fyrir sér, byggingu þeirra og hver þeirra tilfinning er fyrir þýðingu þeirra. Þau tjáðu þetta svo með myndlist. Þeim markmiðum var öllum náð.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Styrkurinn sem fékkst til verkefnisins var lægri en vonast var eftir. Það kom þó ekki að sök því Skýjaborgir gátu borið efniskostnaðinn við verkefnið. Daði hafði sótt um 500.000 kr. í styrk og styrkurinn sem fékkst til verkefnisins var 350.000 krónur.

Styrkurinn var allur nýttur í að greiða laun Daða Guðbjörnssonar myndlistamanns fyrir þátttöku hans í verkefninu.

Efniskostnaður var borinn af Skýjaborgum.

6. Kynning

Daði setti upp listasýningu með börnunum á barnameningahátíð. Sýninguna sótti talsverður fjöldi foreldra og kennara við skólann. Daði setti einnig á fót heimasíðu verkefnisins á <https://ordinokkar.wordpress.com/> þar sem hver sem er getur séð afrakstur og hugmyndafræði verkefnisins. Daði hefur einnig í framhaldinu haft samband við frístundaheimili og skóla í borginni með það að markmiðið að kynna verkefnið og sjá hvort fleiri fengjust til samstarfs með honum og Skýjaborgum.